

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,335% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

2. gr.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

Stofngjald fráveitu – íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði, heimæð ≤ 150 mm, 99.848 kr.

Stofngjald fráveitu – iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, heimæð >150 mm, 199.686 kr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 135/2014.

Samþykkt í bærarstjórn Seyðisfjarðar 9. desember 2015.

Seyðisfirði, 18. desember 2015.

Vilhjálmur Jónsson bærarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016